

5
25. jan.

Sýslu- og bæjarfjölög.	Lausafje i fardögum 1880. hndr.	Fasteign eptir jarða- bók. 1861. hndr.	Manntal.	Upphæð. kr.
1. Austur-Skaptafellssýsla	1314,0	1013,5	1274	170
2. Vestur-Skaptafellssýsla	2787,5	2049,5	2230	320
3. Rangárvallasýsla	5318,0	7468,4	5360	810
4. Árnessýsla	5452,5	8606,8	6257	920
5. Vestmannaeyjasýsla	115,0	389,5	557	60
6. Gullbringu- og Kjósarsýsla	1999,2	4821,5	5660	630
7. Reykjavíkur kaupstaður	243,5	355,5	2567	200
8. Borgarfjarðarsýsla	1714,3	3747,4	2598	370
9. Mýrasýsla	2068,5	3286,2	2328	350
10. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	1987,5	4261,7	3272	440
11. Dalasýsla	2122,5	3692,6	2357	360
12. Barðastrandarsýsla	1566,0	3877,2	2857	380
13. Ísafjarðar kaupstaður	82,0	14,4	520	40
14. Ísafjarðarsýsla	2152,8	3678,7	5031	550
15. Strandasýsla	1333,5	1554,2	1861	230
16. Húnavatnssýsla	5478,5	7209,4	5025	790
17. Skagafjarðarsýsla	4672,5	7667,9	4599	740
18. Eyjafjarðarsýsla	4137,0	7901,0	4613	740
19. Akureyrar kaupstaður	102,0	12,3	713	50
20. Suður-Pingeyjarsýsla	3081,0	5191,6	3767	550
21. Norður-Pingeyjarsýsla	1311,0	1840,8	1569	220
22. Norður-Múlasýsla	4347,0	4159,0	3825	560
23. Suður-Múlasýsla	3860,5	3866,0	3603	520
Samtals	57246,3	86665,1	72443	10000

Um leið og jeg kunngjöri þetta, skora jeg hjer með á sýslunefndir þær og bæjarstjórnir, er hlut eiga að máli, að senda mjer innan ársloka tillögur sínar um, hversu verja skuli samkvæmt ákvæðum fjárlaganna upphæð þeirri, er hverju sýslu- eða bæjarfjelagi er ætlað eptir því, sem að framan er skráð, um árið 1882. Þá er tillögurnar svo eru samþykktar, mun upphæð hverri verða ávísað til útborgunar úr landssjóði.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 25. janúar 1882.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

6 — Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lagasafn. — Með brjefi dags. 2. sept. f. á. sendu stiptsyfirvöldin mjer með meðmælum sínum erindi frá alþingismönnum Jóni ritstjóra Ólafssyni og Jóni landritara Jónssyni, þar er þeir seekja um, að af þeim 12000 kr., sem veittar eru í 16. gr. fjárlaganna fyrir 1882 og 1883 til eflingar vísindalegum og verklegum fyrirtækjum, verði sjer veittur styrkur til að gefa út safn af gildandi lögum fyrir land þetta, sem þeir ætla að laga að miklu leyti eptir safni því af gildandi lögum í Danmörku, sem innanríkis-stjórnin hefir látið gefa út, og ætla þeir að byrja, eins og þar er gjört, á að gefa út lagaboðin frá hinum síðustu áratugum á undan hinum eldri lögum. Til hvernar arkar af safni þessu hefi jeg veitt 25 króna styrk, þó svo að styrkurinn fari ekki alls fram úr 200 kr. fyrir hvort af árunum 1882 og 1883.

Þetta tjái jeg stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar, og svo að þau birti þeim það, er hlut eiga að máli.